



**Sjúkratryggingar  
Íslands**

Nefndasvið Alþingis  
v.t. Sigrún Helga Sigurjónsdóttir, ritari nefndasviðs

Reykjavík, 6. nóvember 2014.

**Efni: Athugasemdir Sjúkratrygginga Íslands, þskj. 233 – 207. mál**

Við er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis dags. 24. október 2014, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála, þskj. 233 – 207. mál.

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) vilja koma að eftirfarandi ábendingum og athugasemdum við frumvarpið.

1. Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur fram að ráðherra hyggist leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007. Kemur fram að þar sé ákvæðum þeirra laga um úrskurðarnefnd almannatrygginga breytt til samræmis við frumvarpið.

SÍ sér um framkvæmd slysatrygginga almannatrygginga samkvæmt núgildandi IV. kafla laga um almannatryggingar. Eru ákvarðanir SÍ í málaflöknum kærarlegar til úrskurðarnefndar almannatrygginga skv. 7. gr. laganna. Samkvæmt nefndu frumvarpi um breytingu á lögum um almannatryggingar (þskj. 393 – 322. mál) er gert ráð fyrir að IV. kafli laganna verði felldur úr núgildandi lögum um almannatryggingar og standi sjálfstætt sem ný lög um slysatryggingar almannatrygginga. Frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga hefur þó ekki verið lagt fyrir Alþingi.

Í ljósi þessa vilja SÍ benda á að hvergi í þingskjölum sem nú liggja fyrir Alþingi er gert ráð fyrir að mál vegna slysatrygginga almannatrygginga verði kærarleg til nýrrar úrskurðarnefndar velferðarmála.

2. Í 9. gr. frumvarpsins kemur fram að úrskurðarnefnd velferðarmála skuli birta helstu úrskurði sína. Ákvæðið er sambærilegt við núgildandi ákvæði 5. mgr. 9. gr. laga um almannatryggingar þar sem fram kemur að úrskurðarnefnd almannatrygginga skuli birta helstu úrskurði sína.

SÍ telja mikilvægt að kveðið verði fastar að orði um skyldu nýrrar úrskurðarnefndar til birtingar úrskurða, en raunin hefur verið sú að aðeins örfáir úrskurðir úrskurðarnefndar



**Sjúkratryggingar  
Íslands**

almannatrygginga eru birtir ár hvert. Er það bagalegt með tilliti til réttaröryggis almennings.

3. Samkvæmt nágildandi ákvæði 4. mgr. 9. gr. laga um almannatryggingar er SÍ heimilt að höfða dómsmál til þess að fá úrskurði úrskurðarnefndar almannatrygginga hnekk. Í nýju frumvarpi er ekki gert ráð fyrir sambærilegu ákvæði.

SÍ telja mikilvægt að halda í lögum heimild stofnunarinnar til þess að fá úrskurði nýrrar úrskurðarnefndar hnekk fyrir dómi. Eðli málsins samkvæmt kemur afar sjaldan til þess að slíku úrræði sé beitt. Réttinum til málshöfðunar er fyrst og fremst ætlað að vera úrskurðarnefndinni til aðhalds. Jafnframt er um mikilvægan öryggisventil að ræða þar sem niðurstöður úrskurðarnefndar í tilteknu máli geta í raun haft mikilvægt og víðtækt fordæmisgildi, jafnvel umfram það sem ætlunin var.

Virðingarfyllst f.h. Sjúkratrygginga Íslands,

Berglind Ýr Karlsdóttir  
deildarstjóri  
Tryggingasvið Sjúkratrygginga Íslands